

## 4. gr.

Þegar teikningar af fyrirhuguðum breytingum fyrirtækis eða fyrirkomulagi fyrirtækis, sem fyrirhugað er að reisa, eru sendar eftirlitinu til umsagnar, greiðist ekki gjald fyrir umsögnina. Þurfi eftirlitsmaður, að ósk eiganda, að takast ferð á hendur vegna umsagnar um öryggismál eða fyrirkomulags, skal eigandi greiða ferðakostnaðinn.

## 5. gr.

Fyrirtæki, þar sem fimm verkamenn eða færri vinna eða notuð er orka, sem eigi fer fram úr 3 hö., skulu undanþegin eftirlitsgjaldi, nema annað sé ákveðið af öryggismálastjóra, enda sé vinnu þannig hátað, að eftirlits sé eigi brýn þörf.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 47. gr. laga nr. 23 1. febrúar 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, sbr. lög nr. 52 20. maí 1955, um breytingu á þeim lögum, öðlast gildi 1. janúar 1974 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir eftirlit með öryggisráðstöfunum á vinnustöðum nr. 6 4. febrúar 1972.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. október 1973.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Jón Thors.*

**AUGLÝSING**

**um umferð í Hafnahreppi í Gullbringusýslu.**

Hér með er ákveðið, að frá og með 1. nóvember 1973 nýtur umferð um Hafnaveg að nýju forgangsréttar fyrir umferð um Stapafellsveg, þar sem vegir þessir skerast í Hafnahreppi.

Með auglýsingu þessari eru úr gildi felld ákvæði auglýsingar um umferð í Hafnahreppi frá 8. júní 1972.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

*Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 17. október 1973.*

**Einar Ingimundarson.**

**AUGLÝSING**

**um breyting á samþykkt um afgreiðslutíma verslana  
á Akureyri, nr. 11 6. jan. 1966.**

## 1. gr.

5. gr. orðist svo:

Bæjarstjórn getur leyft, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, að söluturnar og sambærilegir sölustaðir séu opnir alla daga frá kl. 08.00 til kl. 20.00 á tíma-